


| | |
|--|------------------|
|  | Hafnarfjarðarbær |
| Innk: | 70/9 2019 |
| Málsnr: | 1909513 |
| Bréfal: | 0300 |



Jón Ingi Hákonarson
Nönnustígur 5
220 Hafnafirði

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 18. september 2019
Tilv.: SRN19090006/4.13.3

Vísað er til erindi yðar 1. september þ.m. þar sem óskað var eftir álitum ráðuneytisins á ákveðnum atriðum í stjórnarsýslu Hafnarfjarðarbæjar, er varða fullnaðarafgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar og skipulags- og byggingarfulltrúa bæjarins á einstökum málum.

Hjá ráðuneytinu liggur einnig fyrir erindi Hafnarfjarðarbæjar frá því í desember 2018, þar sem óskað er eftir staðfestingu ráðuneytisins á nýrri samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarbæjar en gerðar voru athugasemdir af hálfu ráðuneytisins við skýrleika framsalsheimilda til fastanefnda og starfsmanna bæjarins í hinni nýju samþykkt.

Í ljósi framangreinds, telur ráðuneytið ástæðu til að óska eftir að bæjarstjórn Hafnarfjarðar breyti samþykkt um stjórn Hafnarfjarðakaupstaðar sem birt var í b-deild Stjórnartíðinda þann 26. maí 2016, til að fullnægja sjónarmiðum sem fram hafa komið í nýlegu álitum umboðsmanns Alþingis og úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, um þær kröfur sem gera verður til skýrleika á framsalsheimildum til fastanefnda og starfsmanna sveitarfélaga til að fullnaðarafgreiða einstök mál. Er bréf ráðuneytisins til Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna ofangreinds meðfylgjandi.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Björn Ingi Óskarsson

Sveitarstjórnarráðneytið dags. 01.09.2019.

Fyrirspurn:

Í 1. mgr. IV. kafla. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum nr. 148/2012, kemur fram að samþykktir haldi gildi sínu til 30. júní 2013.

1. Óskað er eftir upplýsingum um það hvort að „Samþykkt um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði nr.767/2005.“ og „Samþykkt um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar nr.766/2005.“ falli undir 1. mgr. IV. kafla. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011?
2. Sé jákvætt svar við fyrirspurnar lið 1 þá kemur næsta spurning. Nú eru liðin meira en 6 ár frá tímasetningunni 30. júní 2013. Óskað er eftir upplýsingum um það hve oft á þessu árabili hefur sveitarstjórnarráðneytið tilkynnt sveitarfélaginu að uppfylla ákvæði 1. mgr. IV. kafla. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011?
3. Það virðist vera þannig að bæði skipulags- og byggingarráð og skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar samþykki skipulagsmál og vísi við afgreiðsluna til „Samþykta um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Hafnarfirði nr.767/2005.“ og „Samþykta um embættisafgreiðslur skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar nr.766/2005.“ Er ekkert athugavert við þessa stjórnarsýslu að mati ráðneytisins
4. Ef mál varðandi leyfi vegna skipulagsmála eru afgreidd undir þessum kringumstæðum, veldur það þá ógildingu málanna, þar sem að gildistími á framsalsvaldi sveitarstjórnar til skipulags- og byggingarráðs og skipulags- og byggingarfulltra, er útrunnið fyrir 6 árum?

Virðingarfyllst

Jón Ingi Hákonarson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði